

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Austurgata 11-13.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar Austurgata 11-13 verði breytt úr stofn-
anasvæði í íbúðarsvæði og reitur merktur S17 verði felldur út.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfest-
ingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. febrúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.